
SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

FÉLAGSNET
SKÓGRÆKTARFÉLAGA
STÖÐUMAT
2020

www.skog.is / +354 551-8150 / skog@skog.is
Þórunnartún 6, 105 Reykjavík

Mynd: Smalaholt - Skógræktarfélag Garðabæjar



ÞAKKIR

Þakkir eru færðar öllum sem sáu til þess að gagnaöflun fyrir þessa rannsókn gekk vel. Þar á meðal eru margir formenn skógræktarféлага innan vébanda Skógræktarfélags Íslands sem tóku þátt í rafrænni könnun og samþykktu að veita viðtöl. Þakkir eru einnig færðar öðrum tengdum aðilum sem samþykktu að hitta skýrsluhöfund til að gefa betri innsýn í skógargeirann á Íslandi.

Kærar þakkir eru færðar þeim sem aðstoðuðu við þýðingar þar sem þess var þörf. Skógræktarfélag Íslands þakkar Skógræktarfélagi Austurlands, Skógræktarfélagi Eyrarsveitar og Skógræktarfélagi Siglufjarðar fyrir aðstoð við skipulagningu ferða um landið. Félagið vill líka þakka Toyota á Íslandi – styrktaraðila Skógræktarfélags Íslands – en án þeirra framlags hefði ekki verið hægt að framkvæma þessa rannsókn.

Að lokum vill skýrsluhöfundur kærlega þakka stjórn og starfsfólki Skógræktarfélags Íslands fyrir veitta aðstoð frá upphafi til enda könnunar – fyrir leiðbeiningar, ráðgjöf og vangaveltur um núverandi stöðu félagsnetsins.

Skýrsluhöfundur: Elisabeth Bernard, mannfræðingur. MSc Félagsmannfræði, MSc Norðurslóðafræði – Umhverfi, þróun og menning, elisabeth@skog.is, +354 783 9531


© Höfundarréttur: allar myndir í þessari skýrslu voru teknar af höfundi.



EFNISYFIRLIT

ÞAKKIR.....	p.i
KORTLAGNING SKÓGRÆKTARFÉLAGA.....	p.iii
INNGANGUR.....	p.1
1- Staða og lagalegt umhverfi skógræktar á Íslandi.....	p.2
a. Skógræktarstefna á Íslandi.....	p.2
b. Áhugi á skóglendum og skógum.....	p.3
2- Kynning á félagsnetinu.....	p.4
a. Metnaður og fyrirkomulag stjórnunar.....	p.4
b. Starfsemi skógræktarfélaganna.....	p.6
3- Þátttaka í skógræktarfélögunum.....	p.8
a. Almenn þátttaka.....	p.8
b. Fræsðla ungmenna í skógrækt.....	p.9
4- Umsýsla lands til skógræktar.....	p.10
a. Mismunandi landsnóktun.....	p.10
b. Samband við sveitarfélög.....	p.11
5- Staða félagsnetsins.....	p.12
NÍÐURSTÖÐUR.....	p.14

KORTLAGNING SKÓGRÆKTARFÉLAGA



Kortlagning eftir Ragnhildi Freysteinsdóttur, Skógræktarfélag Íslands.

1) Skógræktar- og landv.fél. undir Jökli	21) Skógræktarfélag Ísafjarðar	42) Skógræktarfélag Skagfirðinga
2) Skógræktarfélag A-Húnavetninga	22) Skógræktarfélag Grindavíkur	43) Skógræktarfélag Skáta við Úlfjótstvatn
3) Skógræktarfélag Akraness	23) Skógræktarfélag Hafnarfjarðar	44) Skógræktarfélag Skilmannahrepps
4) Skógræktarfélag A-Skaftfellinga	24) Skógræktarfélag Heyðsýninga	45) Skógræktarfélag Strandasýslu
5) Skógræktarfélag Austurlands	25) Skógræktarfélag Kjálarness	46) Skógræktarfélag Stykkishólms
6) Skógræktarfélag Álftafjarðar	26) Skógræktarfélag Kjósahrepps	47) Skógræktarfélag Suðurnesja
7) Skógræktarfélag Árnesinga	27) Skógræktarfélag Kópavogs	48) Skógræktarfélag Súgandafjarðar
8) Skógræktarfélag Bildudals	28) Skógræktarfélag Mosfellsbæjar	49) Skógræktarfélag Tálknafjarðar
9) Skógræktarfélag Bolungarvíkur	29) Skógræktarfélag Mýrdælinga	50) Skógræktarfélag Vestmannaeyja
10) Skógræktarfélag Borgarfjarðar	30) Skógræktarfélag Neskaupstaðar	51) Skógræktarfélag V-Húnavetninga
11) Skógræktarfélag Borgarfjarðar Eystri	31) Skógræktarfélag N-Þingeyinga	52) Skógræktarfélag Þórshafnar
12) Skógræktarfélag Breiðdæla	32) Skógræktarfélag Ólafsfjarðar	53) Skógræktarfélag Öndurfjarðar
13) Skógræktarfélag Dalasýslu	33) Skógræktarfélag Ólasvíkur	54) Skógræktarfélagið Björk
14) Skógræktarfélag Djúpavogs	34) Skógræktarfélag Patreksfjarðar	55) Skógræktarfélagið Dafnar
15) Skógræktarfélag Dýrafjarðar	35) Skógræktarfélag Rangæinga	56) Skógræktarfélagið Kvistur
16) Skógræktarfélag Eskifjarðar	36) Skógræktarfélag Reyðarfjarðar	57) Skógræktarfélagið Landbót
17) Skógræktarfélag Eyfirðinga	37) Skógræktarfélag Reykjavíkur	58) Skógræktarfélagið Lurkur
18) Skógræktarfélag Eyrarsveitar	38) Skógræktarfélag Seyðisfjarðar	59) Skógræktarfélagið Mörk
19) Skógræktarfélag Fáskrúðsfjarðar	39) Skógræktarfélag Siglufjarðar	60) Skógræktarfélagið Nýgræðingur
20) Skógræktarfélag Garðabæjar	40) Skógræktarfélag S-Þingeyinga	61) Skógræktarfélagið Skógfell
	41) Skógræktarfélag Skagastrandar	



INNGANGUR

Frjálsu félagasamtökin Skógræktarfélag Íslands fögnuðu 90 ára afmæli sínu árið 2020. Sem regnhlífasamtök skógræktarféлага talar félagið fyrir skógrækt og landgræðslu, tekur þátt í endurheimt lands og skóga, veitir fræðslu um og vekur athygli á skógrækt meðal almennings á Íslandi með ýmsum viðburðum og útgáfustarfsemi og kemur fram fyrir hönd rúmlega sextíu aðildarféлага sinna og gætir hagsmuna þeirra. Í nútíu ár – og jafnvel lengur – hafa hópar fólks víða um land unnið að því að bæta aðstæður í sínu samfélagi með gróðursetningu trjáa og ræktun skóga þar sem engir voru fyrir. Frá upphafi skógargeirans hérlandis – sem er ungur samanborið við hin Norðurlöndin – og stofnun Skógræktarfélags Íslands árið 1930, hefur fjöldi aðildarfélaganna aukist og þar með fjöldi samningsbundinna svæða félaganna.

Þótt að viðhorf almennings hafi almennt orðið jákvæðara í garð skógræktar er fyrirsjáanlegur aukinn þrýstingur á félagsnetið og meðlimi þess vegna breytinga sem sjá má í stjórnsýslu Íslands. Því ákvað Skógræktarfélag Íslands, í tilefni þess að styttest í aldarafmæli félagsins, að gera stöðumat á félagsneti sínu, til að meta heilbrigði og áhrifamátt þess og virkja grasrótina. Markmið stöðumatsins var að fá heildstæða mynd af stöðu félagsnetsins árið 2020 og fá tillögur frá formönnum aðildarfélaganna varðandi ýmis málefni. Aðalmarkmiðið var því að meta þarfir félaganna og reyna að sjá fyrir hvað framtíðin mun bera í skauti sér með því að skilja stöðu hvers félags. Að auki er þetta ákveðið framhald á erindrekstri félagsins fyrir um áratug, þegar starfsmaður félagsins ferðaðist hringinn í kringum landið til að hitta skógræktarfélögin. Er þetta í samræmi við stefnumótun félagsins, um aukin samskipti við félagsnetið, sem samþykkt var á aðalfundi 2018 (1).

Helstu markmið þessa stöðumats fyrir Skógræktarfélag Íslands eru eftirfarandi:

- Athuga virkni hvers aðildarfélags og greina þá þætti sem ýta undir virkni eða aðgerðaleysi þess.
- Ákvarða hvort í gangi sé samstarf og samvinna milli skógræktarfélaganna og annarra hópa eða félaga og sjá hvaða áhrif það hefur á starfsemi skógræktarfélaganna.
- Gera úttekt á núverandi togstreitu og/eða ágreiningi sem valdið gætu skógræktarfélögunum vandkvæðum í starfinu.

1. Skógræktarfélag Íslands (Águst-Sept. 2018), Stefnumótun Skógræktarfélags Íslands, www.skog.is/aealfundur-2018/



Gjögur í Sólheimasandi - Skógræktarfélag Mýrdælinga

- Meta áhuga nærsamfélags skógræktarfélaganna á starfsemi þeirra og hlutverk þeirra í samfélaginu.
- Meta hvort, og þá hvernig, sveitarfélögin styðja við skógræktarfélögin.
- Greina núverandi þarfir skógræktarfélaganna.
- Greina álit skógræktarfélaganna á Skógræktarfélagi Íslands og hlutverki þess og safna saman tillögum þeirra til að bæta lýðræðislega ákvarðanatöku þess.

Stöðumatið var unnið sem mannfræðileg eigindleg rannsókn yfir sex mánaða tímabil. Þjóðfræði – aðferðafræði sem getur sameinað formlega og óformlega gagnaöflun – var nýtt mest fyrir gagnasöfnunina. Í fyrsta lagi var gerð netkönnun til að fá sem best gögn yfir starfsemi félaganna. Alls svöruðu 56 af 61 félögum (91,8%) netkönnuninni. Þetta tryggði jafnræði milli allra félaganna, óháð stærð þeirra eða virkni, þar sem erfitt er að gera samanburð á þeim vegna mikils munar á fjölda félagsmanna, staðsetningu, starfsemi, tekjum og þátttöku heimamanna.

Í öðru lagi var haft samband við formenn skógræktarfélaganna og fundað með þeim í þeim tilgangi að ræða ítarlega starfsemi félaganna og mögulegar áskoranir. Alls samþykktu 52 formenn af 61 (85,3%) að taka þátt. Alls voru tekin 61 viðtöl yfir þriggja mánaða tímabil; einnig við aðra viðeigandi hagsmunaaðila sem ekki tóku þátt í netkönnuninni, eins og:

- Framkvæmdastjóra og starfsmenn stærstu skógræktarfélaganna.

- Fólk með áhuga á að endurverkja skógræktarfélög í ládeyðu.
- Framkvæmdastjóra gróðrarstöðva.
- Formenn skógræktarféлага í beinu samstarfi við Skógræktarfélag Íslands, en hvers félagsmenn eru ekki enn formlega skráðir.

Þar sem ákveðið var að stöðumatið yrði nafnlaust verða nöfn skógræktarfélaganna og þeirra sem talað var við ekki gefin upp.

1- STAÐA OG LAGALEGT UMHVERFI SKÓGRÆKTAR Á ÍSLANDI

Lengi hefur verið ágreiningur um lögmæti skógræktar í samhengi umhverfisverndar á Íslandi og deilt hefur verið um skógrækt og skógræktarverkefni. Til að skilja núverandi umhverfi í kringum starfsemi skógræktarfélaganna var velt upp spurningum um stjórnsýslu skógræktar.

a. Skógræktarstefna á Íslandi

Umhverfisgeirinn verður æ mikilvægari í landslagi íslenskra stjórnmála. Ísland er þátttakandi í mörgum alþjóðasamningum, eins og Kyoto-bókuninni frá 2002 um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og COP 21 samkomulaginu frá París 2015, um mótvægisáðgerðir gegn loftslagsbreytingum. Ríkisstjórn Íslands hefur einnig gefið út nokkrar Aðgerðaáætlanir í loftslagsmálum.

Aðgerðaáætlunin var uppfærð árið 2018, með ákvæði um aukna skógrækt um land allt sem hluta leiða til að ná kolefnishlutleysi árið 2040 og uppfylla markmið Parísamkomulagsins frá 2015 um samdrátt í losun koldíoxíðs. (2) Aðgerðaáætlunin var uppfærð sumarið 2020 og undirstrikaði þar vilja stjórnvalda til að auka viðleitni innan LULUCF (Land-Use, Land-Use Change and Forestry) geirans og efla hlutverk skógræktar til kolefnisbindingar á komandi árum. (3).

Það er í þessu samhengi sem sjóðurinn Kolviður var stofnaður árið 2007 af Skógræktarfélagi Íslands og Landvernd. Í dag fer Skógræktarfélag Íslands með daglega umsjón Kolviðar, en hlutverk sjóðsins er að bjóða upp á bindingu kolefnis með gróðursetningu trjáa gegn losun frá fyrirtækjum og einstaklingum. Starfsemi Kolviðar hefur aukist með árunum, með ræktunarreitum á Suðurlandi, Suðvesturlandi og Norðurlandi, með aðstoð erlendra sjálfbodaliða og í samvinnu við skógræktarfélög. Nokkrir formenn skógræktarféлага lýstu yfir áhuga á samvinnu við Kolvið um skógrækt. Einnig var kolefnisbinding talin til sem ný rök sem færa mætti fyrir starfsemi skógræktarfélagsins innan síns heimahéraðs.

Til að hrinda þessum markmiðum í framkvæmd voru ný skógræktarlög samþykkt árið 2019. (4)

Þótt að Skógræktarfélag Íslands og aðildarfélög þess væru ekki tilgreind í lögnum sem hagsmunaaðilar þá hvetja lögin til endurheimtar skóga og skógræktar, sem leiðar til bindingar kolefnis og til að stuðla að sjálfbærri nýtingu skóga. Sveitarfélög fá meiri ábyrgð í samstarfi við hagsmunaaðila skógræktar á hverjum stað.

b. Áhugi á skóglendum og skógum

Skógræktargeirinn hefur notið góðs af æ jákvæðara pólitísku umhverfi. Hins vegar var margoft nefnt að samfélagslegur stuðningur við skógrækt var mjög takmarkaður áður fyrr. Formennirnir voru því spurðir hvort þeir teldu sitt samfélag vera jákvætt í garð skógræktarfélagsins og almennt með áhuga á því að hafa skóg í umhverfinu. Svarið var næstum einróma jákvætt og vera fólks í skóglendum félaganna er vísbending um þýðingu þeirra.

Þegar formennirnir heimsóttu skógarreiti félaganna á meðan á viðtölum stóð mátti sjá einstaklinga, fjölskyldur með börn og hópa fólks á ferð um svæðin að nýta innviði þeirra og tína ber og sveppi. Útivistarskógarnir eru því greinilega vinsælir og óhætt að gera ráð fyrir að tilvera þeirra falli að útivistarvenjum íbúanna og séu þar með upphaf jákvæðrar aðlögunar að þessum nýju vistkerfum.

2. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið (September 2018), Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum fyrir 2018-2030.

3. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið (Október 2020), Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2020.

4. Lög um skóga og skógrækt 33/2019.

Þar auki mátti sjá stök tré í görðum og opnum svæðum, jafnvel þar sem minni áhugi virtist á skógarsvæðunum, sem bendir til þess að það hugarfar að ekki sé hægt að rækta tré á Íslandi hafi breyst á síðustu áratugum.

Formenn sögðu reyndar með stolti frá því að félög þeirra hefðu afsannað þá kenningu. Einnig töldu þeir að almenningssálitnið væri sífellt jákvæðara í garð skógræktar og togstreita við umhverfisverndarsinna á svæðinu væri almennt nánast engin.

2. KYNNING Á FÉLAGSNETINU

a. Metnaður og fyrirkomulag stjórnunar

Flest félögin eru byggð á sjálfbodaliðum, sbr. *Mynd 1*, þótt fimm þeirra – í stærstu bæjum landsins –

„ - Allir gróðursetja tré á Íslandi! Ég er ekki viss um að það sama gildi fyrir önnur lönd. [Fólk] kaupir tré fyrir þúsundir króna bara til að gróðursetja úti í náttúrunni! Mér finnst það mjög sérstakt.

- En Íslendingar [...] kunna ekki að hugsa um skóginn [...] Það er áhugavert að sjá hversu ung við erum þegar kemur að sambandi við skóga í þessu landi.

- Mun fleiri eru hrifnir af skógum heldur en fólk heldur.“

Samræður við 3 viðmælendur, 6. ágúst 2020

hafi þróast yfir í að vera með starfsmenn og framkvæmdastjóra til að annast daglega stjórn félaganna. Þetta sýnir að félagsnetið byggir að mestu á aðkomu fólks.



Mynd. 1 (56 svör)

Þar af leiðir að hlutverk Skógræktarfélags Íslands og aðildarfélaga þess innan skógargeirans lýtur því ekki eingöngu að vistfræðilegum sjónarmiðum eða áherslu á timburframleiðslu. Það er sterkur samfélagsþáttur í starfsemi þeirra, sem byggir á vilja og getu fólks til að nýta frítíma sinn í að byggja upp skóglendi og sjá um umsýslu þeirra. Á fyrri hluta 20. aldar brást samfélagið um land allt við vaxandi áhyggjum af umhverfisvandamálum, svo sem jarðvegseyðingu og ofsavæðingum, með því meðal annars að stofna skógræktarfélög. Þótt að upphaflegur metnaður þeirra hafi án efa verið að bæta umhverfisskilyrði þá fólust starfshættir þeirra í bættu félagslífi í gegnum sameiginlegan áhuga á vernd nálægrar náttúru.

Þessi ósérplægni einkennir félögin enn þann dag í dag: hugsjónin er eftir sem áður að skapa íbúum svæði þar sem bæta má geðheilsu með göngu um náttúruna, að skapa skjól gegn vindi og regni fyrir byggðina og bæta viðnámsprótt og samfélagsanda með því að bjóða upp á samvinnuverkefni.

Í því skyni leitast sjálfbóðaliðar við að skipuleggja fallega skóga og mikið af starfi þeirra fer í grisjun, klippingu og viðhald stíga (*Mynd 2*) og jafnvel skipulagningu skóganna með tilliti til tegunda til að auka vistfræðilegan fjölbreytileika og fjölga haustlitatönnum.

Meirihluti félaganna taldi „fegurð“ skóganna til sem markmið (5). Sem svar við vinsældum skóganna til útivistar hafa skógræktarfélögin því lagt áherslu á uppbyggingu innviða, svo sem bekkja, nestisborða, grilla, eldstæða og skógarskála til að laða fólk inn í skógana og gera þá hluta af daglegu lífi fólks.

"Við eigum að hugsa um fegurðina. Ekki bara gróðursetningu; þú ættir líka að hugsa um fegurð landslagsins og trjánna, hvernig þau falla inn í náttúruna. Við eigum að hugsa um það. Og við eigum líka að huga að því hvaða tré við setjum niður hvar! Það er verkefni framtíðarinnar."

9. október, 2020

Til að ná þessum markmiðum þurfa skógræktarfélögin – lögum samkvæmt – að hafa stigveldisskipað (hierarchical) stjórnarform með formanni, varaformanni, gjaldkera, stjórnarmönnum og varastjórn. Flest félögin hafa samt mjög frjállega nálgun í starfi sínu, þ.e. eru með meira lárétt skipulag. Félagar koma að með mismunandi bakgrunn og þekkingu og ákvarðanir eru teknar sameiginlega. Við rannsóknina kom fram að næstum engin félög – fyrir utan þau félög sem voru með fasta starfsmenn/starfsemi – höfðu stigveldisskipan í reynd. Félögin eru því sjálfstæð og velja það innra skipulag sem þeim hentar.

Almennt séð reyna þau að hafa reglulega fundi auk aðalfundar yfir sumartímann. Sum félög eru með fastmótaða verkáætlun, með mánaðarlegum eða vikulegum fundum þar sem farið yfir hvað þarf að gera og starfið framundan skipulagt. Önnur félög hafa frjálsslegra skipulag, með óformlegum samkomum, stundum án mikils fyrirvara, allt eftir því hvort félagar eru tiltækir. Áhugavert var að sjá að félögin sveiflast á milli þessara tveggja nálgana í gegnum tíðina.

5. Sherry Curl (Október 2008), *Planning and Management of Recreation in Icelandic Forests. Developing infrastructures (input) strategies based on preference and benefit (output) analysis*, Landbúnaðarháskóli Íslands.



Sólskógar - Akureyri


46,4% félaganna sem svöruðu netkönnuninni sögðust hafa Facebook-síðu eða vefsíðu til að miðla upplýsingum um starfið til félagsmanna og nærsamfélagsins. Þau studdust líka við vefmiðla til að auglýsa vinnudaga og afla nýrra meðlima (t.d. í íbúahópum á Facebook). Sum félög með minni viðverðu á samfélagsmiðlum auglýsa í svæðisdagblaði. Ef illa gengur að virkja fólk enda sum félög á óreglulegu skipulagi. Regluleg samskipti til að viðhalda sýnileika á samfélagsmiðlum reyndust hins vegar skilvirk leið til að ýta undir tilfinningu um að hafa áhrif.

b. Starfsemi skógræktarfélaganna

Starfsemi skógræktarfélaganna sveiflast á milli skógræktar og félagslegra viðburða. Hvað skógrækt varðar þá skiptast verkefnið eins og sjá má í *Mynd 2*.

Árangur gróðursetninga (6) – sérstaklega í Landgræðsluskógaverkefninu (7) – má skýra út frá félagslegri hlið þeirra. Það var oft minnst á það að gróðursetning varð að áhugamáli og var leið til að hitta annað fólk utan dyra. Það má líka skýra árangurinn með því hversu auðvelt verkefni þetta er fyrir nýliða. Framkvæmdastjórar tveggja gróðrarstöðva höfðu hins vegar efasemdir um getu stöðvanna til að mæta aukinni eftirspurn eftir plöntum og mæltu með því að styrkja enn frekar tengsl milli skógargeirans og framleiðenda.

Uppsetning upplýsinga fyrir almenning innan skóga var mest á dagskrá hjá skógræktarfélögum sem voru hluti af Opnir Skógar (8) verkefninu. Talað var um að starf er laut að umsýslu núverandi skóglenda kallaði á viðeigandi búnað, hæft starfsfólk og nægilegt fjármagn, sem sum félög hafa ekki aðgang að.



Mynd 2

6. Algengustu gróðursettu trjátegundirnar eru af ættkvíslunum *birki, ösp, víðir, reynir, fura* og *greni*.

7. Sjá nánar: www.skog.is/landgraeluskogar/

8. Sjá nánar: www.skog.is/opinn-skogur/



Kjarnaskógur - Skógræktarfélag Eyfirðinga

Timburframleiðsla skipti nær eingöngu máli fyrir þau félög sem voru með fasta starfsemi/starfsmenn. Einnig voru örfá skógræktarfélög í plöntuframleiðslu í gegnum eign á, eða samvinnu við, gróðrarstöð.


„Þetta verða ekki bara nokkur tré, þetta verður einhvers konar lítill garður. Það verða göngustígar um hann og um fjallið. Þannig að við ætlum að reyna að byggja upp flottan skóg, svo fólk geti farið þangað, gengið um og notið dagsins.“

22. október, 2020

Félagslega séð hafa mörg félög þróað leiðir til að koma skógum inn í það ferli að skapa skógarmenningu á staðnum og festa skógana þannig í sessi, með meiri stuðningi almennings. Áskorun félaganna í dag er að umbreyta skógunum í félagsleg rými sem fólk hika ekki við að nota. Þetta hefur verið gert með því að skipuleggja sérstaka viðburði, eins og árlega tónleika, messur,

gönguferðir, hlaup, kvöldviðburði, listasýningar, fjársjóðsleit, brúðkaup, fræðslugöngur og jólatrjáasölur á staðnum. Aðrir viðburðir, eins og Líf í lundi, yfir sumarið voru vinsælir meðal margra skógræktarféлага. Slíkir viðburðir þarfnast yfirleitt fjármögnunar og/eða kölluðu á nánari samvinnu við önnur félagasamtök (algengast), en einnig fyrirtæki og stofnanir. Aðrir hagsmunaaðilar tóku þátt í gróðursetningu og umsjón tiltekinna skóga, eða hjálpuðu til með starfskrafta/efnivið sem þurfti.

Alls sögðust 49% þeirra skógræktarféлага sem svöruðu netkönnuninni vera með viðvarandi samstarfsaðila. Sú virkni getur skapað ný tengsl og verkefni. Skógræktarfélög sem voru ekki með samstarfsaðila voru eftir sem áður í samvinnu við sitt sveitarfélag og Skógræktarfélag Íslands.



Mynd 3

3- ÞÁTTTAKA Í SKÓGRÆKTARFÉLÖGUM

a. Almenn þátttaka

Fjöldi félagsmanna í öllum skógræktarfélögum er samtals 7.540 (árið 2020). Samkvæmt Skógræktarfélagi Íslands sveiflast fjöldinn nokkuð, þannig að almennt er fjöldinn um 7000. Frá 2018 hafa bæst við um 500 nýir meðlimir. Mynd 3 sýnir dreifingu félaganna. Eins og sjá má hefur rúmur helmingur félaganna (64%) færri en 100 meðlimi. Þar sem skógræktarfélögin fimm með fasta starfsmenn eru meðal þeirra fjölmennustu bendir það til þess að rúmlega helmingur félagsnetsins byggi á sjálfböðavinnu og aðkomu heimamanna. Þau félög sem voru óviss með félaga fjölda sinn – vegna takmarkaðrar starfsemi – eru innan þessa helmings.

Aðkoma og virkni meðlima er mjög breytileg milli skógræktarféлага. Sum þeirra ná að virkja 15-25 meðlimi og telja það jákvætt. Önnur félög ná að viðhalda starfsemi þótt ekki takist að virkja nema 5-6 meðlimi – vanalega stjórn félagsins. Stundum, en ekki sjaldan, voru félög rekin af einstaklingi.


34,5% viðmælenda sögðu að íbúar síns svæðis tækju þátt í starfseminni. Víða var þess getið að erfiðara væri orðið síðustu áratugi að laða nýtt fólk í félögin. (10) Þetta var meðal annars rakið til aukinna erfiðleika við að sjá um skógana eftir því sem þeir vaxa og stækka, minni áhuga innan nærsamfélagsins og hækkandi aldurs meðlimanna.

10. Þetta á ekki eingöngu við skógræktarfélög. Það var ítrekað bent á það að þetta væri almennt vandamál fyrir félög sem byggjast á sjálfböðastarfi og félagasamtök á Íslandi.

„Í upphafi var þetta mikil sjálfböðavinna, og ég held að félagarnir hafi verið virkari, þú veist, að setja upp girðingar og öll gróðursetningin. Og ég held að það sé auðveldara; það er einfalt verkefni [...] En þú hringir ekki í meðlimi þína og útskýrir á einum degi hvernig þú ætlar að grisja skóginn, það er ekki hægt!“


10. ágúst, 2020

Aðspurðir töldu 57% viðmælenda að meðalaldur félagsmanna væri milli 50 og 60 ára og 27% að meðalaldurinn væri yfir 60 árum. Tölur frá Skógræktarfélagi Íslands fyrir 2020 (Mynd 4) sýna hins vegar að í reynd er meðalaldur yfir 60 árum í 82% skógræktarfélaganna og meðalaldurinn almennt 62 ár. Til samanburðar þá er meðalaldur í yngstu skógræktarfélagunum (1,6%) milli 40 og 50 ára (11).



Mynd 4: 40-50 = 1.6%. Tölur eftir Skógræktarfélag Íslands.

11. Þessar tölur taka ekki með félaga sem er félag nema í skógræði, þar sem þeir félagsmenn eru almennt ekki skráðir í félagatal vegna mikillar veltu félagsmanna.



Mynd 5: (59 félög)

Þegar kemur að aldersdreifingu innan félagsnetsins gefur Mynd 5 betra yfirlit. Hlutfall félaga eftir aldri er eftirfarandi: 1,9% eru undir 30 ára; 7,2% eru milli 31 og 40 ára; 13,3% eru milli 41 og 50 ára; 20,9% eru milli 51 og 60 ára; 27,2% milli 61 og 70 ára; 19,5% milli 71 og 80 ára og að lokum, eru 10,1% yfir 80 ára.

„Kannski kemur áhuginn til síðar á lífsleiðinni. Þegar þau eru ung hafa þau meiri áhuga á skemmtun, kelerí og að finna starf. Þú ert mjög upptekinn og þú ættir að vera það! Þegar þú fullorðnast og býrð í samfélagi þá líturðu í kringum þig og hugsar hvað megi gera betur. Kannski þarftu að vera aðeins þroskaðri til að skilja það. [...] Það eru tveir hlutir sem þú getur skilið eftir þig þegar þú yfirgefur jörðina; annað hvort gróðurseturðu tré eða skrifar bók. Þá veistu að þú skilar einhverju til næstu kynslóðar.“

2. september, 2020

b. Fræðsla ungmenna í skógrækt

Þátttaka ungmenna er því lítil samanborið við hlutfall eldri borgara. Þetta var talið afleiðing áhugaleysis meðal almennings. Ungt fólk er uppteknara af námi eða atvinnuleit. Þetta undirstrikar almennan flutning fólks úr smærri dreifbýlissamfélögum til stærri þéttbýlisstaða. Mörg skógræktarfélög úr minni sveitarfélögum hafa misst meðlimi þannig.

„- Þannig að þetta er fjölskyldumál? – Já, ég held það. Ég held að ég væri ekki hérna ef amma mín hefði ekki séð um skóginn. En mér finnst þetta gaman og ég held að ég verði virkari núna eftir að hafa unnið í skóginum [...] Ég hafði aldrei hugsað um að vinna í skóginum og laga til í honum [...] Nú veit ég meira, svo líkast til mun ég gera helling hér.“

Viðtal við 23 ára viðmælanda, 10. ágúst 2020



Viðmælendur voru samt vongóðir um yngri kynslóðirnar, sem væru almennt meðvitaðri um núverandi loftslags- og umhverfiskrísu. Sum ungmenni sem rætt var við sýndu áhuga á starfsemi skógræktarfélaganna og félagsnetsins. Að auki eru tvö félög innan félagsnetsins nú tileinkuð ungu fólki með áhuga á skógrækt – hvort sem er áhugafólki eða ekki – þótt meðlimir þeirra séu ekki komnir á félagatal enn. Sumir formenn skógræktarféлага voru ungt og virkt fólk með áhugaverðar hugmyndir og verkefni fyrir sitt félag. Einnig stefnir í að fleira ungt fólk verði kosið sem formenn næstu árin.

Hlutverk fræðslu um skógrækt á unga aldri – eða að minnsta kosti að vera vanur trjágróðri frá barnæsku – reyndist skilvirkt. Margir formenn, virkir meðlimir og fólk sem var á göngu í skógi sögðust hafa verið í skógum á yngri árum og stundum tekið við sem formenn af foreldrum sínum. Þetta skýrir tilvist „skógarætta“ (12) innan félagsnetsins, einna sýnilegasta dæmisins um hvernig skógrækt sem lífstíll og ástríða gengur í erfðir.

Þetta ferli átti sér stað samhliða framtaki Vigdísar Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta, á 9. og 10. áratug 20. aldar. Eftir útkomu bókarinnar Yrkju stofnaði hún samnefndan sjóð – í umsjón Skógræktarfélags Íslands – sem úthlutar trjáplöntum til grunnskóla og leiðbeinir um gróðursetningu. (13)

Nú tekur rúmlega helmingur grunnskóla landsins þátt í því verkefni. Oftast eru skólarnir í samstarfi við skógræktarfélag á staðnum og gróðursetja á land í umsjón þeirra. Það er áhugavert að árið 2020 eru þrjátíu ár frá upphafi þessa verkefnis. Gera má ráð fyrir fleira ungu fólki með áhuga á skógrækt af því að það hefur fengið að kynnast henni í barnæsku í gegnum þetta verkefni. Eins og margir viðmælendur bentu á: sífellt stærri hluti Íslendinga hefur einhvern tíma gróðursett tré á lífsleiðinni.

„Þegar ég var krakki var stranglega bannað að fara inn í skóginn. Af því að í þá daga var ekki litið á skóginn sem stað til að fara til. Það var staður þar sem tré voru gróðursett. [...] Það var allt annað viðhorf. Það var eitthvað til að vernda. [...] Hvað með það, við fórum í nestisferðir og berjamó og ég held að allir krakkarnir hafi gert það saman. Okkur fannst gaman að fara þangað, þótt það væri ekki vel séð.“

September 25, 2020

4. UMSÝSLA LANDS TIL SKÓGRÆKTAR

a. Mismunandi landnotkun

Af þeim 56 sem svöruðu netkönnuninni sögðu 73,2% að það væri engin togstreita eða deilur varðandi starfsemi þeirra. Þótt að ágreiningur kæmi einstaka sinnum upp væri sjaldnast litið á það sem einhverja hindrun.

12. Tilvitnun í viðmælanda.

13. Sjá nánar: www.vigdís.is

Af 16 formönnum sem sögðu vera vandamál með aðra hagsmunaaðila tilgreindu 81,3% togstreitu við landeigendur vegna annarrar landnotkunar, aðallega sauðfjárbænda. Vandamálin lutu helst að beit, girðingum og kostnaðarhlutdeild, sem og útvegum lands. Fyrirsjáanlega mun draga úr þessum árekstrum á næstu áratugum með þátttöku sífellt fleiri bænda í skógrækt á bújörðum verkefninu í umsjón Skógræktarinnar, en innan þess geta bændur fengið styrki til skógræktar. Þökk sé þessu verkefni hafa „skógarbændur“ orðið verulegur hluti vinnuafis endurheimtar skóglendis Íslands. Sumir eru einnig þátttakendur í skógræktarfélögum, jafnvel formenn.

Einstaka formenn lýstu líka áhyggjum af því að starfsemi þeirra væru takmörk sett vegna umhverfisverndarsinna á staðnum eða fólks innan náttúruverndarhreyfingarinnar.

Auknar pólitískar og hugmyndafræðilegar umræður hafa verið um tilvist skóga: vísindamenn, stofnanir og stefnumótandi öfl deila um mögulega ágengni tiltekinna trjátegunda, verndun votlendis og skilvirkni kolefnisbindingar með skógrækt. Það var því nokkur spennan þegar þessi umræða náði niður á stig einstakra byggða. Þessar hugmyndafræðilegu deilur fara þó enn að mestu fram á vettvangi stofnana, því skógrækt nýtur almennt velvilja almennings.

14. Á sveitarfélagsstiginu fer skipulag lands í gegnum aðalskipulag. Þar er tilgreint hvernig landi skuli skipt milli, til hverra og til hvaða landnota. Nánar er svo kveðið á í deiliskipulagi. sjá nánar: www.skipulag.is/skipulagsmal/um-skipulagskerfid/

„Deilur eru einhvern veginn alltaf persónulegar. Við erum að reyna að finna lausn á málinu og ég held að ég hafi fundið hana. Og þess vegna vil ég ekki tala alltof mikið um það. Ég vona að það reynist jákvætt og er betur gleymt. [...] Að gróðursetja tré er að lækna jörðina. Þú ert að láta gott af þér leiða, þess vegna eru alltaf hindranir í veginum. [...] Allar þessar neikvæðu raddir eru að trufla heilunarferlið. Svo ég vil velja jákvæðni“.

18. ágúst, 2020

b. Samband við sveitarfélög


Stór hluti þeirrar togstreitu sem skógræktarfélögin upplifa eru vegna samskipta þeirra við sveitarfélögin. Þar sem sveitarfélögin fara með ákvarðanavald yfir úthlutun lands og þeim stuðningi sem skógræktarfélögin geta fengið, eru þau einn aðal samskiptaaðili félaganna.

Togstreitan er af tvennum toga. Í fyrsta lagi - ef skógræktarfélag vill víkka út starfssvæði sitt og fá meira land til skógræktar þarf það iðulega að leita til síns sveitarfélags til að sjá hvort sú ósk samræmist aðalskipulagi. (14) Þetta ferli getur verið erfitt ef viðkomandi sveitarfélag er ekki vilhált skógrækt. Í öðru lagi komu upp mál sem tengdust því að geta fengið starfsmenn sveitarfélaga til að aðstoða félögin þegar um mikið vinnuálag var að ræða, sérstaklega þegar um var að ræða löngu tímabærar aðgerðir og sveitarfélög voru treg til að lána starfsmenn til skamms tíma.



Í könnuninni komu fram ákveðin vonbrigði vegna seinagangs hjá sveitarfélögunum eða togstreitu í nærsamfélaginu. Sumum skógræktarfélögum fannst erfitt að fá sveitarfélögin með í lið og óskuðu þess að þau væru jákvæðari og viðbragðsbetri.

Samt sem áður sýna niðurstöður vefkönnunarinnar (*Myndir 6 og 7*) að skógræktarfélögin eru oftast í góðu sambandi við sín sveitarfélög. Mörg þeirra fá mannafla frá sínu sveitarfélagi gegnum unglingavinnuna og geta sótt um styrki. Hvað nýju skógræktarlögin varðar væntu formennirnir almennt þess að þau hefðu jákvæð áhrif fyrir skógrækt í sveitarfélögunum, þótt sumir teldu enn best að bíða og sjá til. Viðmælendur sem áttu í góðum samskiptum við sitt sveitarfélag lögðu áherslu á að mikilvægi frekari samvinnu við sveitarfélagið. Almennt lögðu þeir áherslu á mikilvægi tengslamyndunar, sérstaklega í meðalstórum og stórum samfélögum.



Mynd 7: Vont: 3.6%, sæmilegt: 27.3%, gott: 40%, mjög gott: 29.1%.



Mynd 6

5. STAÐA FÉLAGSNETSINS

Skógræktarfélag Íslands var almennt með jákvætt orðspor meðal aðildarfélaganna. Viðmælendur nefndu sérstaklega fagmennsku og voru þakklát fyrir hjálp, ráðgjöf og þær upplýsingar sem félagið gat látið í té; almennt séð var fullur skilningur á hlutverki þess sem regnhlífasamtök. Aðgerðir til að auka hlut kvenna í félagsnetinu voru líka taldar jákvæðar. (15) Ætla má að þátttaka í könnuninni sé merki um heilbrigð tengsl Skógræktarfélags Íslands og aðildarfélaganna.

15. Vennesland, B., Björnsdóttir, B., Dolling, A., Hujala, T., Nybakken, L., Strange, N., & Hildebrand, S. M. (2020). *Gender balance in the Nordic forest sector*. Nordic Forest Research (SNS). Nýleg rannsókn frá Nordic Forest Research (SNS) leiðir í ljós að enn hallar á konur innan skógargeirans á Norðurlöndum. Tölur frá Skógræktarfélagi Íslands sýna að hlutfall kvenna innan skógræktarfélaganna er 43% árið 2018.



Sum félög sögðu hins vegar að þeim þætti erfitt að ná tengslum við félagsnetið og að það væri mikill aðstöðumunur á þeim og stærri skógræktarfélögum. Þessi tengsl við félagsnetið voru misjöfn yfir landið – sumir formenn félaga voru ekki meðvitaðir um félög í nágrannasveitum – þannig að þeir gátu ekki rætt sameiginleg málefni. Þetta – ásamt erfiðu náttúrufari – gerðu sumum félögum erfitt að viðhalda samfelldri starfsemi.

Til að taka á þessum málum komu formennirnir með ýmsar tillögur (raðað frá þeim mest nefndu til minna nefndra).

Hvað varðar hlutverk Skógræktarfélags Íslands lögðu formennirnir eftirfarandi til:

- Heimsækja (einn dag) minni félögin (svar við ákalli um meira og reglulegt samtal).
- Aðstoða við skipulagningu skógræktar.
- Halda fundi til að endurvekja félög í dvala, ef vitað er um áhugafólk á staðnum.
- Heimsækja nýkjörna formenn.
- Hjálpa til við auglýsingu á Líf í lundi í dreifbýli.
- Styrkja tengsl við Skógræktina.
- Virkja félögin meira í verkefnum Skógræktarfélags Íslands (sérstaklega Kolviði).
- Koma á samvinnu við Garðyrkjufélag Íslands og leiða fundi milli staðbundinna skógræktar- og garðyrkjufélaga.
- Bjóða upp á að fylgjast með aðalfundi á vefnum.

Hvað varðar hreysti félagsnetsins mæltu formennirnir með því að:

- Ýta undir frekari samvinnu milli skógræktarfélaga, bæði stærri og smærri.
- Bjóða upp á meiri tækifæri til umræðna.
- Hjálpa til við tengingu skógræktarfélaga á sömu slóðum með því að halda svæðisbundna fundi og hafa fulltrúa fyrir hvert svæði.
- Taka sérstaklega á þátttöku ungs fólks.
- Hafa vettvang fyrir miðlun félagslegrar og skógræðilegrar þekkingar til félagsnetsins.
- Ræða leiðir til að virkja félaga.
- Hafa rafrænan aðalfund.

Hvað varðar mótun íslenskrar skógarmenningar lögðu formennirnir til að:

- Hjálpa skógræktarfélögunum með styrkumsóknir eða þróa styrkmöguleika byggða á verkefnum skógræktarfélaganna.
- Laða að fleiri útlendinga.
- Auka samvinnu við listamenn.
- Beina athygli að almannatengslum og auka sýnileika.
- Skilgreina markaðsáætlun fyrir timbur með áherslu á hönnun, skraut og arkitektúr.
- Búa til miðstöð skógarmenningar.
- Auka þátttöku í ferðaþjónustu.



„Eitt er að hitta þau og ræða málin yfir kaffibolla. Og líka, þú ættir að vera úti í skóginum og horfa á hann og það tekur tíma líka. Einn eða tvo daga, að minnsta kosti einn dag fyrir hvert félag! Einhvers staðar þar sem eru skógar. Það er töluver af skógum á svæðinu, svo það er nokkur vinna. [...] Það er alltaf nóg að ræða og sýna... Ég veit það ekki. Hafa þau getuna til að gera það? Ekki öll skógræktarfélögin á ári, en einhvern hluta landsins og heimsækja. Hversu mörgu eru þau?

- Sextíu og eitt.

- Sextíu og eitt? Jesús. En ég veit að þau hafa nóg að gera í vinnunni. “

[...]

Við erum lítill klúbbur, skógarfólk á Íslandi. [hlátur] Allir þekkja hver annan.“

20. október, 2020

NIÐURSTÖÐUR

Því skal haldið til haga að félagslegt og pólitísk umhverfi skógræktarfélaganna er almennt jákvætt. Íslensk stjórnvöld hafa tilgreint skógrækt sem leið til að vega upp á móti áhrifum loftslagsbreytinga, sífellt fleiri sveitarfélög eru jákvæð gagnvart skógrækt og togstreita er almennt fátíð. Við þetta bætist almennt jákvæð sýn á Skógræktarfélag Íslands sem regnhlífarsamtök og aðgerðir sem búið er að ráðast í varðandi fræðslu og þátttöku ungmenna. Það má því gera ráð fyrir góðum grundvelli fyrir stefnumótum til að taka á málefnum varðandi skort á þátttöku og hækkandi aldri félagsmanna, sem og málefni félagsnetsins sem áður voru nefnd. Taka ætti á þessu um leið og mögulegt er þar sem laga þarf sig að breyttu pólitísku, félagslegu og umhverfislegu samhengi.

Þeim tilmælum er því beint til Skógræktarfélag Íslands að halda áfram viðleitni sinni til að viðhalda og hvetja til félagslegs frumkvæðis, samræðna milli kynslóða, að auka sýnileika sinn á alþjóðavettvangi og að lokum að efla viðræður við aðra hagsmunaaðila í skógargeiranum (Skógræktina, Landbúnaðarháskóla Íslands, gróðrarstöðvar og Umhverfis- og auðlindaráðuneytið), til að hlúa að sérstöðu félagsins. Því er einnig beint til skógræktarfélaganna að leita til og halda sambandi við Skógræktarfélag Ísland og skila reglulega til þeirra upplýsingum um starfsemi félaganna, til að félagið geti stutt þau betur.

Að lokum þá eru mikilvægustu tilmælin til Skógræktarfélags Íslands og aðildarfélaganna að hlúa að bjartsýni og sjá fyrir sér jákvæða niðurstöðu úr þeim áskorunum sem framundan eru. Þó einhver ljón verði í veginum má líta á það sem leið til að endurskoða starfsemi sína, finna aðrar leiðir og gera fólki kleift að bæta sig og aðlagast.